



5. bekkur - skólanámskrá - drög vor 2020

Enska:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við með athöfnum eða orðum. Fundið lykilupplýsingar texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. Bjargað sér við algengar aðstæður t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningarmati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. Tökum orð dagsins einu sinni í viku.

Helstu námsbækur og gögn:

Málfræði A og ýmis aukaverkefni af netinu. English is fun. Hickory

Námsmat:

Heimilisfræði:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Að nemandi geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd. Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld. Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau. tengt



viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.

- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.

Helstu námsbækur og gögn:

Gott og gagnlegt 1 – heimilisfræði fyrir 5.bekk. https://vefir.mms.is/klb/gott_5bekk_klb.pdf Ýmist ítarefni t.d. af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu. Uppskriftir frá kennara.

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Frammistöðumat þar sem konnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni. Við námsmat er tekið tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni um stofuna, samvinnu, sjálfstæðra vinnubragða og framkomu. Einkunn er gefin sem umsögn á viðtalsdögum auk bókstafs í lok skólaárs.

Íslenska:

Hæfniviðmið:

Talað mál og hlustun:

- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.

Lestur og bókmenntir:

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. Aflað upplýsinga úr



bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.

Ritun:

- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.

Málfræði:

- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

Helstu námsbækur og gögn:

Orðspor1, Fyrsti smellur, Lukkudýrið. Valbók og vinnubók. Málrækt 1, Ritum rétt bók og ipad. Ýmis kennsluforrit á netinu, ýmis verkefni. Lestarbækur að eigin vali. Valin lesbók af kennara og nemendum.

Námsmat:

Lesfimiþróf þrisvar til fjórum sinnum yfir veturinn. Lesskilningsþróf Orðarún tvisvar á ári. Metið eftir vinnusemi og vinnubrögðum. Skil á verkefnum og frágangur verkefna. Stafsetningarþróf í janúar og maí. Sett fram leikrit

Skólaíþróttir:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Gert æfingar sem reyna á loftháðþol. Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- Sýnt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.
- Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.



- Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum. Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.
- Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Námsmat:

Sjálfsmat á eigin frammistöðu eftir ákveðna áherslupætti og íþróttagreinar. Virkni og frammistaða í kennslustundum. Verklegr próf/æfingar.

Myndmennt:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnamat. Umsögn í lok annar. Verkfærni og vandvirkni Vinnusemi og áhugi Sjálfstæð vinnubrögð Umgengni og fer eftir fyrirmælum.



Náttúrufræði:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Greint og sagt frá hvernig tækni notkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífs gæðum íbúa og umhverfi þeirra.
- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísinda uppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.
- Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans. Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks, framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni, lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heima byggð og á Íslandi.
- Sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni, gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytni í umhverfi og lífríki hafsins, að nemendur átti sig á tengslum búsvæða og lífríkis, að nemendur geri sér grein fyrir flóknum fæðuvef hafsins, að nemendur geri sér grein fyrir að maðurinn getur með umgengni sinni haft veruleg áhrif á lífríki hafsins, að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hafrannsóknna.

Helstu námsbækur og gögn:

Auðvitað – á ferð og flugi. Lífríkið í sjó.

Námsmat:

Skriflegt próf úr bókinni í september, nóvember og desember.

Samfélagsfræði:

Hæfniviðmið:

Reynsluheimur:

- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður. Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.

Hugarheimur:

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.



Félagsheimur:

- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra. Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. Sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju.

Helstu námsbækur og gögn:

Ísland; Hér búum við Leifur Heppni. Gögn frá kennara. 68 æfingar í heimspeki.

Námsmat:

Vinna í tímum 20% Verkefnavinna 50% Kaflapróf 30%.

Smíði:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Valið og notað verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Teiknað einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Lært helstu öryggisreglur og notkun hlífðarbúnaðar.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Vinnusemi og áhugi. Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.

Stærðfræði:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.



- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum. Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum. Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Helstu námsbækur og gögn:

Stíka 1a og 1b. Forrit á netinu. Æfingar inn á iPad. Verkefnablöð.

Námsmat:

Kaflapróf í lok hvers kafla Haustpróf og vorpróf Metið eftir vinnubrögðum og vinnusemi nemenda.

Textílmennt:

Hæfniviðmið:

Handverk, aðferðir og tækni:

- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum. Unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla:

- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla. Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu.

Menning og umhverfi:

- Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni. Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna. Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Námsmat:



Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins. Stuðst er við leiðsagnamat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðalega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemendanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

Tónmennt:

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.

Helstu námsbækur og gögn:

Sönghefti (t.d. Skólasöngvar og Syngjum saman) og útprent af þekktum dægurlögum. Alls kyns slagsverkshljóðfæri, og þegar fram líða stundir er stefnan að hafa samspil með blokkflautur og jafnvel ukulele.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda í söng og hljóðfæraleik, áhuga, færni þeirra til að tjá skoðanir sínar og hlusta á skoðanir annarra o.s.frv.

Tölvur:

Hæfniviðmið:



Að nemandi geti:

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum. Beitt rétttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða. Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Helstu námsbækur og gögn:

Tölvur og tölvuforrit, Ipad, Word og power point

Námsmat:

Nemandi verður metinn eftir frammistöðu, virkni og hegðun í kennslustundum. Nemandi verður metinn eftir færni í notkun tölvuforrita. Metið verður einnig eftir færni hans í notkun words og power point. Gefið verður í formi leiðsagnamats þrisvar á ári og í formi bókstafs í lok skólaárs.